

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 14. nóvember kl. 11:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1135. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigurður Stefán Karlsson og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Bergstaðastræti 10A - USK23080069 Sótt er um leyfi til þess að breyta skrifstofu í 3-herbergja íbúð á 3. hæð í húsi á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti. Erindi fylgir afrit af aðalteikningu samþykktri 9. janúar 2018. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Borgartún 30 - USK23060058 Sótt er um leyfi til að gera innanhússbreytingar á 7 hæð rými 0701 í skrifstofuhúsnæði í húsi nr. 30 við Borgartún. Gjald kr.14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Bæjarflöt 19D - USK23070164 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 19A við Bæjarflöt. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Dragháls 14-16 - USK23040030 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar ásamt því að stækka núverandi millipalli og fjarlægja annan millipall innan sömu hæðar fyrir Stoð sem verður þar með verslun, verkstæði, lager og skrifstofu í húsi á lóð nr. 14-16 við Dragháls. Stækkun: 221,4 ferm. Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2023. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Eggertsgata 14 - USK23100323 Sótt er um leyfir að breyta erindi BN061273 vegna lokaúttektar. Þannig að sótt er um að uppfæra teikningar viðbyggingu á lóð nr. 14 við Eggertsgötu. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda.
6. Engjavegur 13 - USK23100360 Sótt er um leyfi til að byggja geymslu á lóð nr. 13 við Engjaveg. Stærð: 60 ferm. 234 rúmm. Erindi fylgir hæðar- og mæliblað. Gjald kr. 14.500. Frestað. Lagfæra skráningu.

7. Faxafen 14 - USK23100219 Sótt er um leyfi til þess að fjölga notkunareiningum, innréttu meðferðarstofu sjúkráþjálfara og kírópraktora annars vegar og hárgreiðslustofu hins vegar í rými 0202 á 2. hæð í verslunar- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 14 við Faxafen. Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti samþykktum 6. júlí 2010.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. Fáfnisnes 7 - USK23100157 Sótt er um leyfi að breyta bílskúr í íbúðarherbergi á lóð nr. 7 við Fáfnisnes.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
9. Frakkastígur 24 - BN060777 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0478016 þannig að gerð er grein fyrir opnun yfir í sólstofu á 1. hæð og geymslu undir svölum í einbýlishúsi á lóð nr. 24A við Frakkastíg. Stækkun: 12,1 ferm., 21,3 rúmm. Gjald kr. 12.600.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
10. Grandagarður 19 - USK23100156 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi vetingastaðar í húsi á lóð nr. 19 við Grandagarð.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Grensásvegur 14 - USK23100198 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060831, þannig að innra skipulag eldhúss er breytt í móttöku- og upphitunar eldhús fyrir veitingarstað í flokki I tegund c fyrir 15 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.  
Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. mars 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
12. Grensásvegur 24 - USK23030024 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716 þannig að viðbygging er stækkuð og hækkuð til suðurs við gistiheimili í flokki II, teg. b., fyrir 26 gesti, í mhl. 01 á lóð nr. 24 við Grensásveg.  
Stækkun: 336.0 ferm., 956.4 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, lóðarblað og umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 1. apríl 2022 .  
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 22 og Heiðargerði 65, 63, 61 og 59, frá 14. júní 2023 til og með 12. júlí 2023.  
Engar athugasemdir bárust  
Gjald kr. 14.000.  
  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
13. Grensásvegur 48 - USK23050251 Sótt er um leyfi til að innréttu þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi á lóð nr. 48 við Grensásveg. Erindið var grenndarkynnt frá 5. september 2023 til og með 3. október 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þórður Halldórsson, dags. 3. október 2023. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember sl. og samþykki annarra eiganda í húsinu.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

14. Grundarhús 14 - USK23100213 Sótt er um leyfi til þess að byggja garðskála úr timbri og gleri við vesturhlið endaraðhúss nr. 14, mhl.06, á lóð nr. 14-24 við Grundarhús. Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 25. nóvember 2021. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda.
15. Hallgerðargata 13 - USK23080157 Sótt er um leyfi til að setja skilti á lóð nr.13 við Hallgerðargata. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Holtsgata 18 - USK23080092 Sótt er um leyfi til að koma fyrir þakglugga á hús nr. 18 við Holtsgötu. Samþykki eiganda fylgir umsókn og umsögn minjastofnunar dags. 14 ágúst. 2023. Gjald kr.14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Holtsgata 23 - USK23050318 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir á hús nr. 23 við Holtsgötu. Erindinu fylgir samþykki annarra eiganda dags. 06. júlí 2023. Gjald kr. 14.000. Frestað. Lagfæra skráningu.
18. Hvassaleiti 46 - USK23080088 Sótt er um leyfi til að breyta sameiginlegu geymslurými í geymslur og herbergi í húsi á lóð nr. 46 við Hvassaleiti. Erindi fylgir fundargerð húsfundar dags 7. febrúar 2023. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.
19. Hverfisgata 123 - USK23090289 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 123 við Hverfisgötu. Erindi fylgir mæliblað. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

20. Ingólfsstræti 2 - USK23100042 Sótt er um leyfi til breyta innra fyrirkomulagi og endurnýja skilti á lóð nr. 2 við Ingólfsstræti.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Jöfursbás 9C (mhl.03) - USK23060272 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús á kjallara, að hluta steinsteypt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað og klætt að utan báruðu og sléttu áli, með 27 íbúðum, mhl. 03, á lóð nr. 9c við Jöfursbás. Stærð, A rými 2.118 ferm. B rými 162 ferm. Brúttórúmmál 6.953,9.  
Gjald kr.14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
22. Jörfagrund 54D - USK23100200 Sótt er um leyfi til þess breyta erindi BN059816, með síðari breytingu BN060851, þannig að geymslum og sameign er breytt í fjölbýlishúsi nr. 54-60 á lóð nr. 54A við Jörfagrund.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
23. Koparsléttu 16A - USK23070155 Sótt er um leyfi til þess grafa frá suðvesturhlið, og reisa þar þrjár vörumóttökur, breyta glugga-og hurðasetningu, fjarlægja milliveggi og fækka rekstrareiningum í eina, koma fyrir vatnsúðakerfi og breyta innra skipulagi, innréttu skrifstofur, starfsmannarými og stoðrymi fyrir vörulager í iðnaðarhúsi á lóð nr. 16 við Koparsléttu.  
Stækkun: 304.3 ferm., 775.9 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð Öruggh ehf um brunavarnir dags. 11. júlí 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 1. mars 2022.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
24. Kuggavogur 15 - USK23080047 Sótt er um leyfi til að breyta inngangi við þannig að komið er fyrir milligólfi að innan og skábraut með halla 1:12 að utan til að uppfylla aðgengi fyrir alla í húsi nr. 15 við Kuggavog (áður Trilluvog 1)  
Gjald kr.14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Köllunarklettsvegur 1 - USK23080236 Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 01 og 10 í mhl. 10, innréttu skrifstofur og lager, byggja milliloft yfir lager í mhl. 10 og innréttu þar skrifstofur, opna tímabundið milli mhl. 01 og mhl. 10, síkka glugga og byggja svalir á vesturhlið mhl. 10, bæta við dokkum, hurðum og skábrautum á austurhlið mhl. 10 ásamt því að klæða mhl. 10 að utan á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun: 240,2 ferm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
26. Laugavegur 105 - USK23060061 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060167 vegna lokaúttektar þannig að brunavarnir og skráningartafla eru uppfærð, jafnframt því

að minni háttar breytingar hafa átt sér stað á rýmisskipan og innra skipulagi í íbúðar-og gistihúsi í flokki II tegund g á lóð nr. 105 við Laugaveg.  
Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá verkfræðistofunni Öruggh ehf, dags. 6. september 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26 apríl 2022.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Lynghál 1 - stöðuleyfi - USK23080167 Sótt er um stöðuleyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lynghál.  
Stærð: 172,0 ferm., xxx,x rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
28. Lynghál 7 - USK23090161 Sótt er um leyfi til að stækka hús á lóð nr. 7 við Lynghál.  
Erindi fylgir hæðarblad dags. 23. mars 1982 og mæliblað dags.1.mars1982  
Stærð: 513,9 ferm., 2.750,6 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
29. Melhagi 11 - USK23100138 Sótt er um leyfi til að breyta bílageymslu í vinnustofu í húsi nr.11 við Melhaga.  
Gjald kr.14.500.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
30. Norðurfell 7 - USK23100044 Sótt er um leyfi til að gera tröppur niður í lagna/geymslukjallara og hurð inn í kjallarann í húsi nr. 7 við Norðurfell.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 7. desember 1971  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. Ránargata 4A - á pappír - USK23090037 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061724 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt í hóteli í flokki IV, teg. a, fyrir 62 gesti á lóð nr. 4a við Ránargötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 4. október 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
32. Rökkvatjörn 1 - USK23100170 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059580, með síðari breytingu BN060426, og innréttu veitingastað í flokki II tegund c fyrir alls 30 gesti í rými 0022, gera sér sorpgeymslu með aðgengi utanfrá í suðausturhorni rýmis 0022, minnka hjólageymslu, rými 0029, til að koma fyrir geymslu, rými 0033, í eigu veitingastaðar, jafnframt því sem skráningartafla og rýmiúsúmer eru uppfærð fyrir fjölbýlis- og atvinnuhús, mhl.05, á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 7. desember og 18. janúar 2022  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

33. Skrauthólar 4 - USK23100124 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir, auk þess er verið að sækja um að sameina mhl. 01,02,03,08,04,06 og 09 í einn mhl. sem allir verða þá í mhl. 01. Mhl. 07 verður að mhl. 11 sem þjónustubygging og mhl. 10 helst sem mhl.10.  
Gjald kr.14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

Smiðjustígur 13 - USK23010141 Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja tveggja hæða hús í gömlum stíl ofan á kjallara sem fyrir er, ásamt tengibyggingu yfir í mhl. 01 með sameiginlegu anddyri fyrir bæði húsin, sameina matshlutana og innréttu fjögur, tveggja manna herbergi fyrir 10 gesti, í gististað í flokki II, teg. C í nýja húsinu en eldra hús verður áfram einbýlishús á lóð nr. 13 við Smiðjustíg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 28. desember 2022, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags, 12. desember 2022, minnisblað með geislunarútreikningum frá Brunahönnun slf., dags. 9. júlí 2021, greinargerð aðalhönnuðar merkt 12-20-026 útg. 003 dags. 23. október 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2021 og 19. september 2023.

Stækkun: 131,2 ferm.

Eftir stækkun: 421,5 ferm., 1.450,8 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. Sogavegur 3 - USK23030201 Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu á einni hæð auk kjallara við vesturhlið verslunar- og vinnsluhúss á lóð nr. 3 við Sogaveg.  
Stækkun: 203.6 ferm., 725.5 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðalteikningum samþykktum 22. september 2015, mæliblað 1.810.1 dags. 12. janúar 2023, greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 9. maí 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023. Gjald kr.14.000.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

35. Strýtusel 7 - USK23020254 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja léttbyggðan sólskála og byggja þess í stað steinsteypta viðbyggingu við suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 7 við Strýtusel. Stækkun: 18.3 ferm., xx.x rúmm. Erindi fylgir hæðablað, mæliblað, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaluppdráttum. Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

36. Síðumúli 16-18 - USK23070088 Sótt er um leyfi til að fjarlægja milliloft, innréttu atvinnuþvottahús og koma fyrir spennistöð í bakhúsi á lóð nr 16-18 við Síðumúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti samþykktu aðaluppdráttu. Stærð eftir breytingar: 2.343,6 ferm., 9.065,1 rúmm. Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

37. Vesturgata 53 - USK22122965 Sótt er um leyfi til að stækka mhl. 01, port hússins er hækkað, byggt yfir vesturenda og stækkað til suðurs, jafnframt er sótt um að sameina

mhl. 04 og 01 og fjölga íbúðum um eina, í mhl. 01, í húsi nr. 53 á lóð nr. 53-53A við Vesturgötu.

Stærð eftir breytingu: 231,1 ferm., 649,1 rúmm.

Eldra erindi BN059534 dregið til baka með tölvupósti.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 20. desember 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 20. desember 2022, varmatapsrammi dags. 20. desember 2022, gátlisti aðaluppdráttá ódagettur, afrit af starfsábyrgðartryggingu hönnuða dags. 20. maí 2022, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2022, ástandsskýrsla dags. 17. febrúar 2023, minnisblað ráðgjafa dags. 21. febrúar 2023 og mæliblað.

Erindi var grenndarkynnt frá 12. september 2023 til og með 10. október 2023 og er nú lagt fram til samþykktar ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2023.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

38. Vesturgata 64 - USK23100081 Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN059634 mhl. 07. þannig að eignarhald á dreifistöð 0005 verði breytt, númer bílastæða verði breytt skv. ósk Rvk. á húsi nr. 64 við Vesturgötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Lagfæra skráningu.

#### Ýmis mál.

39. Breiðavík 2-6 - Svalalokun - USK23100310 Spurt er hvort það séu kvaðir á lóðinni varðandi að setja upp svalaskýli.  
Íbúð 01-0101.  
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
40. Rauðarárstígur 5 - fsp - USK23070018 Spurt er hvort samþykki allra í öllum stigahúsum þurfi og/eða hvort sækja megi um byggingarleyfi fyrir hverja íbúð fyrir sig um að setja svalir á fjölbýlishús á lóð nr. 5 við Rauðarárstíg.  
Afgreitt.
41. Varmadalshósti - USK23090064 Lögð er fram fyrirspurn hvort stækka megi hús úr 95m<sup>2</sup> í 150m<sup>2</sup> á lóð í Varmadalshósti. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember sl., fylgir erindi.  
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði
42. Öldugata 23 \_ (\_1.137.203) - USK23100328 Öldugötu 23\_Útgáfa á hnitsettu mæliblaði fyrir lóðina..  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fundi slitið kl. 14:00**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson